

5. apríl 2025



Tillaga að samkomulagi um uppgjör ÍL-sjóðs

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

▶ **Ástæða fyrir vanda Íbúðalánasjóðs**

Íbúðalánasjóður var stofnaður árið 1998.

Fjárhagsvanda Íbúðalánasjóðs má aðallega

rekja til breytinga sem gerðar voru á

fjármögnunarfyrirkomulagi sjóðsins árið 2004.

Eftir breytingu gat sjóðurinn ekki greitt upp

skuldir til að mæta uppgreiðslum á útlánum.

Ósjálfbær rekstur Íbúðalánasjóðs

Samkeppni á húsnæðislánamarkaði og lækkun vaxta leiddu til umtalsverðra uppgreiðslna á útlánum sjóðsins. Vaxtatekjur dugðu á endanum ekki fyrir vaxtagjöldum og því hefur þurft að ganga á eignir til að greiða af skuldum.

► **Brugðist við vanda Íbúðalánasjóðs**
ÍL–sjóður var stofnaður með lögum
í árslok 2019 með það að markmiði
að lágmarka áhættu ríkissjóðs í
tengslum við úrvinnslu og uppgjör á
uppsöfnuðum fjárhagsvanda forvera
hans; Íbúðalánasjóðs.

Skuld ÍL-sjóðs

Skuldir ÍL-sjóðs eru 674 ma.kr.
en á skuldunum hvílir einföld
ábyrgð ríkissjóðs.

2025

-674

Eignir ÍL-sjóðs


Eignir ÍL-sjóðs eru 506 ma.kr.
en þær eignir ganga upp í
höfuðstól skuldarinnar og
lækka þannig upphæð
skuldarinnar.

506

2025

Ábyrgð ríkissjóðs

Þar sem eignir sjóðsins eru 168 ma.kr. minni en skuldirnar er bil sem þarf að brúa til að gera upp skuldir sjóðsins. Ef beðið er með uppgjör vex þessi fjárhæð og þar með ábyrgð ríkissjóðs.



2025

- EIGNIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA
- SKULDIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA


▶ Áframhaldandi rekstur ÍL-sjóðs á grunni núverandi eignasafns endar í greiðsluþroti sjóðsins þar sem neikvæður vaxtamunur er verulegur.

► Því lengur sem beðið er með að ljúka málinu því kostnaðarsamara verður það fyrir ríkissjóð.



Þrjár lausnir á vanda ÍL-sjóðs

► Verkefni stjórnvalda og Alþingis er að lágmarka kostnað almennings vegna uppgjörs ríkisábyrgðar ÍL-sjóðs.



Með skynsamlegum aðgerðum er hægt að ljúka málinu þannig að fjármálastöðugleika sé ekki ógnað og ábyrgð ríkissjóðs gerð upp að fullu.

1

Leggja sjóðnum til fjármagn til 2044

2044



- EIGNIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA
- SKULDIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA

-520

Kostnaður ríkissjóðs við að reka ÍL-sjóð út líftíma skulda er

520

Núvirt upphæð er um

200 MILLJARÐAR

Áframhaldandi rekstur ÍL-sjóðs **er dýr leið fyrir ríkissjóð og almenning.**

Þá er uppi margs konar óvissa **þegar eignir sjóðsins klárast og ÍL-sjóður fer í þrot.**

Stjórnvöldum og Alþingi ber skylda að lágmarka áhættu og kostnað af málinu.

2

Leggja sjóðnum til fjármagn til 2044

Slíta ÍL-sjóði með lögum

► Árið 2023 var frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila lagt fram í Samráðsgátt stjórnvalda.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi að loknu samráði en varð ekki útrætt á þingi.

Slit ÍL-sjóðs á grundvelli laga fela í sér nokkra óvissupætti sem snúa að framkvæmd, kostnaði og áhættu.

Deila um uppgjör ÍL-sjóðs myndi seinka því **að hægt væri að ljúka málinu með skipulögðum hætti.**


Óvissa um niðurstöðu slita á grundvelli laga væri neikvætt fyrir eigendur bréfanna og ríkissjóð sem ábyrgðaraðila.

3


Leggja sjóðnum til fjármagn til 2044

Slíta ÍL-sjóði með lögum

Slíta ÍL-sjóði með samkomulagi




Viðræður hafa staðið yfir frá í lok febrúar 2024 milli fulltrúa ríkissjóðs og ráðgjafa 18 lífeyrissjóða um leiðir til að koma í veg fyrir óvissu vegna þrots Íl-sjóðs.




Samkomulag hefur náðst um að leggja fyrir fund skuldabréfaeigenda tillögu um uppgjör sem felur í sér að bréfin verði gerð upp með afhendingu annarra eigna, ríkisskuldabréfa, markaðsverðbréfa auk gjaldeyris og reiðufjár.

Uppgreiðsla ríkisábyrgðar



ÍL-sjóður



Ríkissjóður


Ríkið tekur til sín eignir ÍL-sjóðs og lætur eigendur skulda ÍL-sjóðs fá aðrar eignir í staðinn. Með þessu er hægt að gera upp málefni ÍL-sjóðs og slíta sjóðnum. Mismunur eigna og skulda eru 168 ma. kr. sem er upphæð ríkisábyrgðar á skuldum ÍL-sjóðs.



Eigendur
skulda ÍL-sjóðs

Uppgjör ÍL-sjóðs

Ríkið gefur út nýjar skuldir til að gera upp ÍL-sjóð en fær eignir á móti sem ganga upp í þá skuld. Endaleg niðurstaða er að uppgreiðsla ríkisábyrgðar ÍL-sjóðs er kostnaður upp á 168 ma.kr.



■ EIGNIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA

■ SKULDIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA

Samkomulag felur í sér ávinning fyrir eigendur

skuldabréfa sem í flestum tilfellum eru lífeyrissjóðir

Sjóðirnir fá gert upp með markaðshæfum eignum.

Óvissa minnkar þar sem ekki reynir á gjaldþrot ÍL-sjóðs.

Áhrif á fjármálastöðugleika vegna uppgjörs lágmrkuð.

Í tillögu að samkomulagi var leitast við að mæta sjónarmiðum sjóðanna.

Samkomulag felur í sér ávinning fyrir ríkissjóð

▶ Taprekstur ÍL-sjóðs stöðvað.

Samkomulag lýkur óvissu og treystir orðspor ríkissjóðs.

Kostnaður við uppgjör ábyrgðar liggur fyrir og fjármögnun tryggð um leið.

Jákvæð áhrif á skuldahlutföll og vaxtakostnað A-hluta ríkissjóðs á næstu árum.

Næstu skref

1. Kröfuhafafundur 10. apríl en 75% atkvæða þarf til að tillagan teljist samþykkt.
2. Staðfesting Alþingis.
3. Uppgjör ÍL-sjóðs.



Nánari upplýsingar:

[https://www.stjornarradid.is/verkefni/
rekstur-og-eignir-rikisins/eignir-
rikisins/uppgjor-il-sjods/](https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/eignir-rikisins/uppgjor-il-sjods/)